

Reglur um frístundaskóla í Hveragerði

Frístundaskóli er valkostur fyrir yngstu nemendur grunnskóla að loknum skóladegi

1. gr.

Hlutverk

Við Grunnskólann í Hveragerði er rekinn frístundaskóli fyrir börn í 1.- 4. bekk eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur til kl. 17.00. Skilyrði fyrir dvöl í frístundaskóla er að nemandi eigi lögheimili í Hveragerði. Fara skal eftir upplýsingum um búsetu samkvæmt þjóðskrá.

Um umsóknir vegna nemenda sem stunda nám í Grunnskólanum í Hveragerði og eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi fer samkvæmt gildandi samkomulagi sveitarfélaganna.

Hlutverk frístundaskólans er að mæta þörfum fjölskyldna í sveitarfélögunum og skapa yngstu nemendum Grunnskólans tryggn samverustað eftir að skóla lýkur þar sem þeir taka þátt í skipulögðum tómstundum, frjálsum leik úti og inni og hvíld.

2. gr.

Staðsetning

Húsnæði frístundaskóla Grunnskólans í Hveragerði er við Fljótsmörk og Þórsmörk.

3. gr.

Starfsmenn

Við frístundaskólann í Hveragerði starfar forstöðumaður sem sér um daglegan rekstur en yfirmaður er skólastjóri Grunnskólans.

4. gr.

Opnunartími

Á skólatíma opnar frístundaskólinn eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur (kl. 12.40) og er opinn til kl. 17.00.

Frídagur í Grunnskólanum: Frístundaskólinn er opinn frá kl. 8.00 til 17.00 á foreldradögum og starfsdögum í grunnskóla. Sækja þarf sérstaklega um vistun á umræddum dögum. Frístundaskólinn er lokaður í vetrarfrí grunnskóla. Á þeim dögum er starfsdagur í frístundaskólanum. Frístundaskólinn er einnig lokaður í jólafrí og páskafrí.

Sumarfrístund: forstöðumaður frístundaskóla skal hafa yfirumsjón með sumarfrístund (8-17) fyrir tilvonandi 1.bekkinga eftir að leikskólar koma úr sumarfrí.

5. gr.

Innritun, úthlutun, uppsögn o.fl.

Innritun barna í frístundaskólann fer fram við upphaf skólaárs hjá ritara Grunnskólans í Hveragerði eða hjá forstöðumanni frístundaskóla. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu

eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðu Hveragerðisbæjar og Grunnskólans í Hveragerði sem og á skrifstofu grunnskólans. Umsókn tekur ekki gildi ef foreldrar/forráðamenn eru í vanskilum með vistunargjöld.

Úthlutun plássna er í höndum forstöðumanns. Umsóknir gilda eitt skólaár í senn. Sækja þarf sérstaklega um dvöl á frídögum grunnskóla. sbr. 4. gr.

Óski foreldrar/forráðamenn eftir breytingum á viðveru barna sinna þarf skrifleg beiðni um það að berast forstöðumanni í síðasta lagi 20. hvers mánaðar og taka breytingar á viðverutíma gildi frá og með næstu mánaðamótum.

Uppsögn þjónustu skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimsíðunni og á skrifstofu skólans. Uppsögn skal berast í síðasta lagi fyrir 20. hvers mánaðar og tekur uppsögn gildi frá og með næstu mánaðamótum.

6. gr.

Forgangur

Ef á þarf að halda gilda reglur um forgangs röðun barna í frístundaskóla Hveragerðisbæjar.

a) Börn einstæðra foreldra og fötluð börn. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila fylgi með umsókn fatlaðra barna.

b) Börn sem búa við félagsleg/andleg eða líkamleg frávik en eru ekki greind fötluð. Óska má eftir vottorði frá til þess bærur sérfræðingi. Einnig falla hér undir börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður að mati sérfræðinga.

c) Börn námsmanna, séu báðir foreldrar í fullu námi. Vottorð skóla fylgi umsókn.

7. gr.

Matur og hressing

Ef barn er skráð lengur en til kl. 15.00 í frístundaskólann er það sjálfkrafa skráð í síðdegishressingu.

Á frídögum grunnskóla er boðið upp á léttan hádegisverð og hressingu síðdegis ef barn er skráð lengur en til kl. 15:00. Á þessum dögum skulu börnin hafa með sér hollt nesti í morgunmat. Greiða þarf sérstaklega fyrir mat skv. gjaldskrá.

8. gr.

Dvalar- og matargjald

Greiða þarf fyrir dvalartíma sem pantaður hefur verið, óháð því hvort barnið mætir eða ekki. Greiða þarf lágmarksgjald á mánuði skv. gjaldskrá og er það miðað við 30 klst. vistun. Hver klukkustund fram yfir 30 klst. á mánuði er skv. gjaldskrá.

Gjald fyrir hádegisverð og hressingu er samkvæmt gjaldskrá

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar gefur út gjaldskrá fyrir frístundaskóla í sveitarfélaginu sem endurskoðast árlega.

9. gr.

Innheimta dvalar- og matargjalds

Uppgjör dvalargjalds fer fram mánaðarlega og fá foreldrar/forráðamenn heimsendan gíróseðil frá sveitarfélaginu. Gjaldskrá er að finna á heimasíðu skólans og Hveragerðisbæjar.

10. gr.

Vanskil

Hafi greiðsla dvalargjalds ekki borist á eindaga sendir sveitarfélagið greiðanda aðvörun. Hafi vanskil staðið í þrjá mánuði frá eindaga að telja fer krafan í lögfræðinnheimtu.

11. gr.

Gildistaka - endurskoðun

Bæjarráð samþykkti reglurnar eins og þær eru hér fram settar á fundi sínum þann 20. ágúst 2015. Taka þær gildi frá og með 21. ágúst 2015.

Hveragerði 21. ágúst 2015

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri